

BSc RANNSÓKNARVERKEFNI

E-604-BSC2



Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: E-114-RATO, E-315-RATO, E-411-RATO og E-313-SATI.

Skipulag: Reglulegar kennslustundir og fundir.

Kennari: Jack James og aðrir kennarar deildarinnar.

Lýsing: Nemendur velja sér og vinna rannsóknarverkefni undir leiðsögn leiðbeinanda. Verkefnið felur meðal annars í sér fræðilegt yfirlit yfir stöðu þekkingar á sviðinu, framsetningu prófanlegra rannsóknarspurninga eða tilgátna, val á rannsóknarsniði, aðferð og framkvæmd við öflun gagna, notkun á viðeigandi tölfræðilegri greiningu, túlkun niðurstaðna og skrif rannsóknarskýrslu.

Lærdómsviðmið: Að námskeiðunum loknum á hver nemandi að geta:

Leikni

- Staðið að öllu leyti við tilgreinda fresti og gefið leiðbeinanda reglulega upplýsingar um framvindu verkefnisins með sérstakri áherslu á að leiðbeinandinn viti af öllum óvæntum bakslögum eða hindrunum.
- Beitt gagnrýnni hugsun við túlkun á rannsóknarniðurstöðum að teknu tilliti til takmarkana.
- Flutt erindi um rannsóknina.

Hæfni

- Framkvæmt hina samþykktu rannsókn undir leiðsögn.
- Skilað skriflegri rannsóknarskýrslu (BSc-verkefni) í samræmi við tilskilið snið.

Námsmat: Skrifleg verkefni sem tengjast rannsóknarverkefni, munnleg kynning og rannsóknarskýrsla.

Kennsluaðferðir: Samvinna leiðbeinanda og nemenda, umræður, munnleg kynning og skrif rannsóknarskýrslu.

Tungumál: Enska.

ECTS: 12.